

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 77/1960. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Jóni Gíslasyni** (Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Umferðarlagabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, kvaðst ákærði hafa gengið til fiskverkunarstöðvar sinnar, eftir að vitnið Elín Þórhallsdóttir átti orðaskipti við hann heima við íbúðarhús hans aðfaranótt 3. maí 1959. Með því að vitnin Sigurður Lárus Eiríksson og Guðmundur Finnbogason, sem ákærði hitti á fiskverkunarstöðinni, höfðu ekki heitfest framburð sinn í málinu, áður en héraðsdómur gekk, voru þau kvödd að nýju fyrir dóm hinn 14. þ. m. Kvaðst þá vitnið Sigurður Lárus fullyrða, að það hefði ekki séð áfengisáhrif á ákærða í umrætt sinn, og vitnið Guðmundur kvaðst alls ekki hafa getað merkt, að ákærði hefði neytt áfengis. Staðfestu síðan bæði þessi vitni framburð sinn í málinu með eiði.

Þar sem vætti vitna um það, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 3. maí 1959, ber ekki saman, og athugun vitnanna Elínar og Reynis á ástandi ákærða virðist hafa verið fremur lausleg, þá þykja ekki nægar sönnur að því leiddar, að ákærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna hann af því ákæruatriði. Hins vegar ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi með ógætilegum akstri gerzt sekur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir refsing hans samkvæmt 1. og 2. mgr. 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Það athugast, að í héraðsdómi er það haft eftir vitninu Elinu, að vitnið Reynir hafi tjáð henni, að ekki þýddi að tala við ákærða, þar eð hann virtist ofurölvi, en samkvæmt prófun málsins var það Elín, sem mælti þessum eða svipuðum orðum til Reynis, en hún ein átti orðaskipti við ákærða.

### Dómsorð:

Ákærði, Jón Gíslason, greiði kr. 1000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Magnúsar Thorlacius og Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 11. febrúar 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 11. febrúar, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1960: Ákæruvaldið gegn Jóni Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er með ákæruskjali dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. maí 1959, höfðað gegn Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Merkurgötu 2, Hafnarfirði, fyrir að hafa nokkru fyrir klukkan 0100 aðfaranótt sunnudagsins 3. maí s.l. með áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G 1433 frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og óvarlega nokkru fyrir norðan Hafnarfjörð, er hann ók yfir á hægri vegarhelming frá sér séð, þannig að litlu munaði, að árekstur yrði milli bifreiðarinnar G 1433 og bifreiðarinnar R 8218, sem var ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og 1. og 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

. Ákærði er sakhæfur, fæddur 17. september 1897 í Hafnarfirði, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

Í Reykjavík:

1947 30/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Í Hafnarfirði:

1955 11/3 Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 3. maí 1959, um kl. 0050, kom á lög-reglustöðina í Hafnarfirði Elín Þórhallsdóttir og kærði yfir manni, er hún kvað hafa verið við bifreiðarakstur mjög mikið undir áhrifum áfengis. Bauðst hún til að vísa á mann þenna, er væri úr Hafnarfirði.

Elín ók í umrætt skipti bifreiðinni R 8218, og var eigenmaður hennar, Reynir Jónasson, með henni í bifreiðinni.

Þrír lögregluþjónar fóru að sinna þessu, fylgdist einn með þeirra hjónum í R 8218, en tveir fylgdu á eftir í lögreglubifreið. Ók Elín að bifreiðastæði vörubílastöðvarinnar, en þar kvað hún mann þenna hafa staðnæmzt, og greindi þar frá, að maðurinn væri ákærði í máli þessu. Hvorki var ákærði né bifreið hans sjáanleg þarna, og vildi þá lögregluvarðstjóri taka skýrslu af Elínu og eigenmanni hennar, áður en frekar væri aðhafzt, en Elín neitaði að gefa skýrslu og krafðist þess, að leit væri gerð að ákærða heima hjá honum. Varðstjóri vildi ekki hefjast handa um slíkt án samráðs við fulltrúa bæjarfógeta. Eftir að náð hafði verið sambandi við fulltrúann, varð að ráði að fara heim til ákærða, ná tali af honum og fá hann til að fylgjast með lögreglumönnum til læknis, svo að unnt væri að taka honum blóð til alkóhólrannsóknar.

Heima hjá ákærða hittu lögreglumennirnir son ákærða, Jón Jónsson. Kvað hann föður sinn ókominn heim, en heimilaði, að hans væri leitað í húsinu. Ekkj fannst ákærði við leit þessa, en bifreið hans fannst í bifreiðageymslu hans.

Ákærði kom hér fyrir réttinn mánudaginn 4. maí s.l. Þann sama dag komu einnig fyrir réttinn sem vitni þau hjónin Elín og Reynir, sem áður eru nefnd. Greindi þau mjög á, ákærða annars vegar og vitnin hins vegar, og verða framburðir þeirra því raktir lítillga, hver um sig.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma úr Reykjavík og hafa ekið með venjulegum hraða og eðlilega. Kvaðst hann hafa mætt mörgum bílum á leiðinni, en ekki orðið þess var, að við árekstri hefði legið við neinn þeirra. Ákærði neitaði algerlega að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ekki vildi hann skýra frá, hvar hann hefði verið í Reykjavík, en kvaðst hvergi hafa verið í hófi eða samsæti, þar sem vín hefði verið haft um hönd. Ákærði taldi sig hafa verið þungan í höfði og stafi það af því, að hann hafi of háan blóðþrýsting, en annars vel fyrir kallaður.

Er ákærði var að setja bifreið sína inn í bílskúr sinn, kvað hann konu hafa komið til sín og sagt, að hann hefði verið rétt búinn að aka á sig. Kvaðst ákærði hafa sagt henni, að hann hefði ekki komið við bíl hennar, og hefði þeim ekki farið fleira í milli.

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa gengið upp Norðurbrúna og upp á Hraun, þar sem verið var að taka á móti fiski, er bátar hans voru að landa. Þarna kvaðst hann hafa setið lengi í vigtarhúsinu hjá Sigurði Lárusi, er mætt hefur sem vitni í máli þessu, en síðan haldið heim. Heima hjá sér kvaðst ákærði hafa frétt, að lögreglan hefði verið að leita hans, en kvaðst hafa talið það mega bíða næsta dags að hafa samband við hana.

Vitnið Elín Þórhallsdóttir kvaðst umrædda nótt hafa verið á heimleið úr Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum, hefðu þau verið að koma af kvikmyndasýningu. Er þau voru rétt komin fram hjá þremur hvítum bröggum vinstra megin vegarins, þegar ekið er til norðurs, kvað hún þau hafa mætt bifreið. Vitnið ók þarna bifreið þeirra hjóna, R 8218, og sat maður hennar í framseti bifreiðarinnar við hlið hennar. Er bifreið sú, er á móti kom, nálgaðist R 8218, kvað vitnið fyrrnefndri bifreið hafa verið sveigt yfir á hægri vegarhelming. Kvaðst vitnið hafa orðið að aka út fyrir malbikið til að forðast bifreið þessa, en það hefði þó eigi nægt til að forða árekstri, ef ökumaður bifreiðar þessarar hefði ekki á síðustu stundu sveigt aftur til vinstri. Kvað vitnið sér hafa brugðið við þetta, en þó snúið við og veitt hinni bifreiðinni, sem hafi verið ekið mjög hægt, eftirför. Vitnið kvað bifreið þessari hafa verið ekið mjög skrykkjótt og að minnsta kosti tvisvar sinnum yfir á öfugan vegarhelming. Bifreið þessa kvað vitnið svo hafa verið stöðvaða við hús eitt hér í Hafnarfirði, og hafi það verið G 1433, bifreið ákærða í máli þessu. Kvaðst vitnið þá hafa stigið út úr bifreið sinni og gengið til ákærða, er hafi verið búinn að opna hurð bifreiðar sinnar og verið að reyna að komast út, en gengið erfiðlega. Vitnið kvaðst hafa yrt á ákærða,

en hnussað hafi í honum og hún ekki skilið, hvað hann sagði. Vitnið kvaðst hafa fundið af honum mikla vínlykt, og hafi maður sinn, er kom að í þessu, sagt, að ekki þýddi að tala við ákærða, þar eð hann virtist ofurölvi. Er þau hjón voru aftur komin inn í bifreið sína, kvað vitnið ákærða hafa gengið fram fyrir þá bifreið, eins og til að athuga skrásetningarmarki hennar. Kvað vitnið hann hafa verið mjög óstöðugan á fótum. Eftir þetta ók vitnið til lögreglustöðvarinnar og tilkynnti um atburðinn.

Vitnið Reynir Jónasson hefur skýrt frá atvikum mjög á sama veg og kona hans. Við samprófun héldu bæði ákærði og vitnin fast við framburði sína.

Vitnið Reynir og Elín hafa bæði staðfest framburði sína með eiði.

Í skriflegri vörn hefur skipaður verjandi ákærða mótmælt framburði þessara vitna meðal annars á þeim forsendum, að sakir hinna nánú tengsla verði þau ekki talin fullgild vitni, hvort um sig. Ekki verður séð, að þessi fullyrðing lögmannsins styðjist við nokkur lagarök.

Í októbermánuði síðastliðnum fór svo fram framhaldsrannsókn í máli þessu. Komu þá fyrir dóm sem vitni þeir Sigurður Lárus Eiríksson og Guðmundur Finnbogason, er báðir munu hafa hitt ákærða að máli umrædda nótt.

Vitnið Sigurður Lárus kvað ákærða hafa innt sig eftir því nokkrum dögum eftir umræddan atburð, hvort hann minnst þess, að hann hefði komið til vitnisins þessa nótt, þar sem vitnið var við vinnu sína í fiskverkunarstöð ákærða. Vitnið kvaðst hafa minnst þessa, og hafi þá ákærði spurt sig, hvort hann hefði séð á sér vín. Þeirri spurningu kvaðst vitnið hafa svarað neitandi, enda hafi það engin áfengisáhrif séð á ákærða þessa nótt né endranær, er hann kom þarna. Ekki kvaðst vitnið heldur hafa fundið vínþef af ákærða, en kvaðst ekki hafa haft neina ástæðu til að veita þessu sérstaka athygli.

Vitnið Guðmundur Finnbogason kvað ákærða hafa fyrir venju að koma á hverju kvöldi eða nóttu í fiskverkunarstöðina, þegar verið sé að taka á móti fiski úr bátum hans.

Eftir fyrstu helgina í maí kvað vitnið ákærða hafa spurt sig, hvort hann hefði séð á sér áfengisáhrif, er hann kom í fiskverkunarstöðina þá um helgina. Vitnið kvaðst hafa svarað þessu neitandi, enda hafi hann hvorki í þetta skipti né önnur séð áfengisáhrif á ákærða, er hann hafi komið þarna. Vitnið kvaðst

hafa talað við ákærða í umrætt skipti, en ekki hugsað sérstaklega út í það, hvort hann væri undir áfengisáhrifum.

Ljóst er, að hvorugt þessara vitna veitti því sérstaka athygli í umrætt skipti, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis, enda höfðu þau enga sérstaka ástæðu til þess. Auk þess var þessu fyrst hreyft við vitnin nokkru eftir umrædda nótt, og þau komu ekki fyrir rétt fyrr en fimm mánuðum eftir greindan atburð. Þykir því vætti þeirra ekki sanna annað en að ákærði hafi ekki verið mjög ölvaður í umrætt skipti.

Það er nægilega sannað með vætti tveggja eiðfestra vitna, þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði ók bifreið sinni frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og væri ekki fær um að stjórna henni örugglega. Telst þetta atferli varða við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með því í umrætt skipti að aka yfir á hægri vegarhelming, þannig að nærri lá árekstri við bifreið, er kom á móti, hefur ákærði brotið 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þykir refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 1. og 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin kr. 2000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. og 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, Páls Ásgeirs Tryggvasonar hrl., kr. 1500.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Gíslason, greiði 2000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Ásgeirs Tryggvasonar hrl., kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.